



# ÁRSREIKNINGUR 2009

Sparisjóður Norðfjarðar

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstremisfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

## Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi 2009 nam tap ársins 183 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 123 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 4,7 % en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 484 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 81 aðila.

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáraðila á árinu 2010 vegna ársins 2009. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárelrekningum er vísað til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 14 starfsmenn hjá sparisjóðnum í 10,7 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 64 millj. kr.

## Fjárhagsleg endurskipulagning

Frá því í nóvember 2008 hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagning sparisjóðsins. Sótt var um stofnfjárframlag frá íslenska ríkinu á grundvelli ákvæða laga nr. 125/2008 um heimild til fjarveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Með vísan til þess var stofnfé sparisjóðsins aukið, bæði í árslok 2008 og á árinu 2009. Samkomulag hefur nú verið gert við Seðlabanka Íslands um að hann komi að þessari fjárhagslegu endurskipulagningu sjóðsins, en sjóðurinn skuldar bankanum 559 millj. kr. Samkvæmt samkomulaginu mun bankinn breyta 150 millj. kr. af kröfum sínum í stofnfé, 140 millj. kr. í víkjandi lán til sjóðsins, en eftirstöðvarnar 269 millj. kr., verða afskrifaðar. Nokkrir fyrirvarar eru í samkomulaginu meðal annars um lækkun stofnfjárá. Samkomulagið er háð samþykki stofnfjáraðila. Staðfesti stofnfjáraðilar samkomulagið hækkar eigið fé sjóðsins í 716 millj. kr. og eiginfjárlutfall sjóðsins í 26,1% að öðru óbreyttu. Nánar er gerð grein fyrir samkomulaginu í skýringu 33 í ársreikningum.

## Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2009 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Neskaupstað, 31. mars 2010

Stjórn:

Teitur Þórðarson Agust Þorvaldsson  
Guðrúnur Skulason Guðrún Þjarkadóttir  
Jónas Ólafsson

Sparisjóðsstjóri:

Ólafur Þorvaldsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstremisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álití sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Fyrirvari

Eigð fé sparisjóðsins nam 123 millj. kr. í árslok 2009 og eiginfjárlutfall eins og það er reiknað samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 4,7%, en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar og skýringu 33 í ársreikningum hefur verið gert samkomulag um að Seðlabanki Íslands komi að fjárhagslegri endurskipulagningu sjóðsins í stað ríkissjóðs. Samkomulagið er háð samþykki stofnfjáraðila.

Framsetning eigna og skulda í efnahagsrekningi miðast við áframhaldandi rekstur sparisjóðsins. Verði samkomulag sjóðsins við Seðlabankann ekki staðfest af stofnfjáraðilum mun verulegur vafi leika á að sjóðurinn sé rekstrarhæfur. Ekki er víst að mat eigna og skulda sparisjóðsins væri með sama hætti ef rekstur hans legðist af.

## Álit

Það er álit okkar að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2010

**KPMG hf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2009

---

	Skýr.	2009	2008
<b>Vaxtatekjur:</b>			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....		118.733	84.523
Vaxtatekjur af útlánum .....		515.244	695.510
Vaxtatekjur af markaðsbréfum .....		88.229	145.508
	4	<u>722.206</u>	<u>925.541</u>
<b>Vaxtagjöld:</b>			
Vaxtagjöld af innlánum .....		470.888	671.938
Vaxtagjöld af lántöku .....		124.484	165.162
	4	<u>595.371</u>	<u>837.100</u>
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>		126.835	88.441
<b>Aðrar rekstrartekjur:</b>			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	5,20	15.224	28.289
Þjónustutekjur .....	6,15	42.830	48.828
Þjónustugjöld .....	(	9.772)	( 9.378)
(Gengistap) -hagnaður .....	15	( 99.422)	( 807.502)
Ýmsar rekstrartekjur .....		26.496	16.642
		<u>( 24.645)</u>	<u>( 723.121)</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur / (hrein rekstrargjöld)</b>		102.189	( 634.680)
<b>Önnur rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	16	63.606	117.987
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		90.247	125.047
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	12,23	4.573	5.095
		<u>158.426</u>	<u>248.129</u>
Framlag í afskriftarreikning útlána .....	9,19	( 188.737)	( 114.502)
<b>Tap fyrir skatta</b>		( 244.973)	( 997.311)
Tekjuskattur .....		<u>62.466</u>	<u>181.804</u>
<b>Tap ársins</b>		<u>( 182.507)</u>	<u>( 815.507)</u>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	2009	2008
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir</b>			
Sjóður .....		23.699	24.215
Kröfur á lánastofnanir .....	18	2.139.689	1.358.978
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		2.163.388	1.383.193
<b>Útlán</b>			
Útlán til viðskiptamanna .....		2.724.571	3.356.740
Fullnustueignir .....		159.619	135.745
Útlán samtals	8,19	2.884.190	3.492.485
<b>Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:</b>			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum .....		137.659	392.054
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....		64.677	300.547
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	21	14.100	14.100
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals	11,20	216.436	706.701
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	23	118.937	138.517
Skatteign .....	7,22	145.848	83.382
Ýmsar eignir .....		9.177	20.395
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur .....		13.512	3.382
Aðrar eignir samtals		287.475	245.676
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.551.488</u>	<u>5.828.055</u>

# 31. desember 2009

---

**Skuldir**

	Skýr.	2009	2008
<b>Skuldir við Seðlabanka Íslands .....</b>	<b>26</b>	<b>559.427</b>	<b>0</b>
<b>Innlán</b>			
Óbundin innlán .....		2.141.888	1.640.494
Bundin innlán .....	27	2.239.649	2.206.088
		Innlán samtals	3.846.582
		4.381.537	
<b>Lántaka .....</b>	<b>28</b>	<b>178.856</b>	<b>1.360.212</b>
<b>Aðrar skuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....	29	100.410	130.602
Áfallin gjöld .....		12.435	11.983
		Aðrar skuldir samtals	142.585
		112.845	
<b>Lífeyrisskuldbinding .....</b>		<b>0</b>	<b>163.000</b>
<b>Víkjandi lán .....</b>	<b>30</b>	<b>196.176</b>	<b>180.521</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		483.726	313.726
Varasjóður .....		( 361.078)	( 178.571)
		Eigið fé samtals	135.155
	31	122.648	
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>5.828.055</b>
		<b>5.551.488</b>	
<b>Utan efnahagsreiknings</b>			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna .....	32		

# Sjóðstremisfirlit fyrir árið 2009

---

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Tap ársins .....	31	( 182.507)	( 815.507)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:			
Verðbætur og gengismunur .....		36.917	( 163.264)
Framlag í afskriftareikning útlána .....	19	188.737	114.502
Tekjuskattur .....		( 62.466)	( 181.804)
Aðrir liðir .....		4.573	5.095
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		( 9.678)	( 3.534)
Handbært fé frá rekstri		( 24.425)	( 1.044.512)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Kröfur á lánastofnanir, breyting .....		( 868.170)	( 417.486)
Útlán, breyting .....		27.455	375.277
Skuldabréf, breyting .....		528.242	226.536
Hlutabréf, breyting .....		62.132	442.129
Hlutdeildarfélög, breyting .....		0	5.653
Rekstrarfjármunir .....		15.008	( 19.431)
Ýmsar eignir, breyting .....		11.217	2.256
Fjárfestingarhreyfingar		( 224.116)	614.935
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Innlán, breyting .....		469.071	528.888
Lántaka, breyting .....		( 90.139)	( 11.677)
Ýmsar skuldir, breyting .....		( 30.191)	38.709
Innborgað stofnfé .....		170.000	47.946
Greiddur arður af stofnfé .....	31	0	( 110.598)
Fjármögnunarhreyfingar		518.741	493.269
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		270.200	63.692
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		330.329	266.637
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		600.530	330.329

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

## 2. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í náll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2009. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

## 4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

## 5. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

## 6. Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

## 7. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi og matsverð eignarhluta í öðrum félögum er mun hærra en skattverð þeirra. Reiknuð skatteign vegna yfirlæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttинга vegna fyrri ára.

## 8. Utlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársþyrjun 2010 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2009.

# Skýringar, frh.:

---

## 9. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeiri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

## 10. Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikning sparisjóðsins.

## 11. Markaðsverðréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðréf og fjárfestingarverðréf. Til fjárfestingarverðréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokuð sem veltuhlutabréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshuti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	50 ár
Húsbúnaður .....	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki .....	3-5 ár
Bifreiðar .....	10 ár

## 13. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 31. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

## 14. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## 15. Aðrar rekstrartekjur

Þjónustutekjur sundurliðast þannig:	2009	2008
Ábyrgðarþóknun .....	497	4.485
Aðrar þjónustutekjur .....	42.333	44.343
Samtals .....	42.830	48.828

Gengistap greinist þannig:

Hlutabréf .....	( 90.015)	( 508.995)
Veltuskuldabréf .....	( 26.927)	( 270.978)
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir .....	17.520	( 27.529)
Samtals .....	( 99.422)	( 807.502)

## Skýringar, frh.:

---

### 16. Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

	2009	2008
Fjöldi starfsmanna á árinu .....	14,0	14,0
Stöðugildi í lok árs .....	10,7	11,5

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	51.122	59.976
Launatengd gjöld .....	12.484	12.391
Framlag vegna lífeyrisskuldbindingar .....	0	45.620
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>63.606</u>	<u>117.987</u>

Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri .....	11.856	15.126
Stjórnarformaður .....	840	960
Aðrir stjórnarmenn (6) .....	2.520	2.880
Samtals .....	<u>15.216</u>	<u>18.966</u>

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 20 millj. kr. í árslok 2009. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalín. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

### 17. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins nam 4 millj. kr. árið 2009 og 9 millj. kr. árið 2008.

### 18. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

	2009	2008
Gjaldkræfar kröfur .....	1.427.269	310.207
Allt að 3 mánuðir .....	302.314	1.013.524
Yfir 3 mánuði og allt að ári .....	374.148	0
Yfir ár og allt að 5 árum .....	14.458	13.747
Bundnar kröfur á Seðlabanka Íslands samkv. reglum um bindiskyldu .....	21.500	21.500
Samtals .....	<u>2.139.689</u>	<u>1.358.978</u>

## Skýringar, frh.:

### 19. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán .....	523.498	449.376
Skuldabréf .....	2.201.073	2.907.364
Samtals .....	2.724.571	3.356.740

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríki og sveitarfélög .....	0,1%	0,2%
Atvinnugreinar		
Sjávarútvegur .....	8,0%	7,2%
Verslun .....	3,9%	5,0%
Iðnaður og verktakar .....	10,9%	10,3%
Samgöngur .....	1,3%	1,7%
Fjármálastofnanir .....	0,4%	0,4%
Þjónusta .....	22,4%	16,0%
Einstaklingar .....	52,9%	59,2%
Samtals .....	100,0%	100,0%

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán .....	121.945	107.555
Allt að 3 mánuðir .....	298.889	368.436
Yfir 3 mánuðir og allt að ári .....	249.500	290.872
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	660.728	915.413
Yfir 5 ár .....	1.393.509	1.674.464
Samtals .....	2.724.571	3.356.740

Fullnustueignir greinast þannig:

Fasteignir .....	118.980	128.245
Tilbúnar lóðir .....	6.750	7.500
Aðrar eignir .....	33.889	0
Samtals .....	159.619	135.745

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir .....	599.165	283.943
Sérstakur afskriftareikningur útlána .....	( 270.084)	( 144.656)
Önnur vaxtafrest útlán .....	129.976	159.256
Óvaxtaberandi útlán samtals .....	459.057	298.543

### Útlán frh.

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur Sérstakur	Afskriftareikningur Almennur	2009 Samtals	2008 Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins .....	144.656	62.646	207.302	145.862
Framlag í afskriftareikning á árinu .....	193.760	( 5.023)	188.737	114.502
Endanlega töpuð útlán .....	( 68.332)	0	( 68.332)	( 53.062)
Afskriftareikningur útlána í lok ársins .....	270.084	57.623	327.707	207.302

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum .....	9,7%	2,1%	11,7%	6,0%
--	------	------	-------	------

## Skýringar, frh.:

### 20. Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Fjárfestingarskuldabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands .....	27.074	27.074
Önnur skráð bréf .....	110.585	110.585
Samtals .....		137.660

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:

Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum .....	27.074
Skuldabréf útgefin af öðrum .....	110.585
Samtals .....	137.660

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Fjárfestingsahlutabréf:				
Óskráð hlutabréf .....			51.481	
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum .....			13.196	
Samtals .....			64.677	

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Saga Capital hf., Akureyri .....	0,05%	0	43.500	16.095
FSP Holding ehf., Rvk .....	2,12%	0	16.520	8.260
Valitor hf., Reykjavík .....	0,10%	0	1.642	20.197
Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík .....	0,49%	0	3	3.108
Borgun hf., Reykjavík .....	0,24%	0	941	1.995
Kreditkort hf., Reykjavík .....	0,10%	0	588	1.500
Fjölgreiðsumiðun hf. ....	1,32%	0	27	27
Egla hf., Reykjavík .....	0,00%	0	298	298
Verðbréfapjónusta Sparisjóðanna hf., Rvk. ....	1,40%	0	2.967	0
Fjárfestingarhlutabréf, samtals .....		0		51.481

### 21. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	0,3%	0	4.830
Tölvumiðstöð sparísjóðanna, Kópavogi .....	1,2%	0	9.270
Hlutdeildarfélög samtals .....		0	14.100

### 22. Reiknuð skattein

Breytingar á árinu greinast þannig:

Reiknuð skattein í ársbyrjun .....	83.382
Áhrif hækkunar á skattprósentu .....	16.676
Reiknuð skattein vegna ársins 2009 .....	45.790
Reiknuð skattein í árslok 2009 .....	145.848

Reiknuð skattein skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Rekstrarfjármunir .....	( 3.090)
Gjaldmiðlagengismunur .....	( 2.102)
Yfirfærnanlegt skattalegt tap .....	151.040
Reiknuð skattein í árslok 2009 .....	145.848

## Skýringar, frh.:

### 23. Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2009 .....	172.035	46.848	218.883
Selt á árinu .....	( 15.500)	( 1.416)	( 16.916)
Heildarverð 31.12.2009 .....	<u>156.535</u>	<u>45.432</u>	<u>201.967</u>
Afskrifað áður .....	44.405	35.961	80.366
Afskrifað á árinu .....	3.381	1.192	4.573
Afskrift færð út .....	( 1.343)	( 567)	( 1.910)
Afskrifað samtals .....	<u>46.443</u>	<u>36.587</u>	<u>83.030</u>
Bókfært verð 31.12.2009 .....	<u>110.092</u>	<u>8.846</u>	<u>118.938</u>
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	10-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 192 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 263 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 66 millj. kr. í árslok.

### 24. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur

Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur greinast þannig:	2009	2008
Fyrirframgreidd gjöld .....	667	247
Áfallnar tekjur .....	<u>12.845</u>	<u>3.135</u>
Samtals .....	<u>13.512</u>	<u>3.382</u>

### 25. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.108 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.783 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 734 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 711 millj. kr.

### 26. Skuldir við Seðlabanka Íslands

Skuldir er tilkomin vegna yfirtöku Seðlabankans á útlánum og innlánum sparisjóðanna hjá Sparisjóðabanka Íslands við gjaldþrot bankans. Skuldin er öll gjaldkraef en samkomulag hefur verið gert við bankann um uppgjör á skuldinni, sbr. skýring 33.

### 27. Innlán

Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2009	2008
Allt að 3 mánuðir .....	325.855	264.751
Yfir 3 mánuðir og allt að ári .....	186.299	310.903
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	1.346.659	1.279.322
Yfir 5 ár .....	380.836	351.112
Samtals .....	<u>2.239.649</u>	<u>2.206.088</u>

### 28. Lántaka

Lántaka er eingöngu í formi verðbréfaútgáfu og koma 179 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi.

### 29. Aðrar skuldir

Ýmsar skuldir sundurgreinast þannig:		
Ógr.vegna lífeyrisskuldbindingar .....	25.823	0
Aðrar skuldir .....	74.587	130.602
Samtals .....	<u>100.410</u>	<u>130.602</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 30. Víkjandi lán

Verðtryggt lán, vextir 7,0%, fyrsta afborgun í okt 2012 .....	196.176	180.521
---	---------	---------

### 31. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 484 millj. kr. og skiptist það á 81 aðila.

Yfirlit um eigið fé:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2009 .....	313.726	( 178.571)	135.155
Aukning stofnfé á árinu .....	170.000		170.000
Tap ársins .....		( 182.507)	( 182.507)
Eigið fé 31.12.2009 .....	483.726	( 361.078)	122.648

Eigið fé í lok árs nam 123 millj. kr. eða 2,2% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálagyrirtæki er 4,7%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

Hlutfallið reiknast þannig:	2009	2008
Heildar eigið fé .....	122.648	135.155
Víkjandi lán .....	61.324	67.578
Eignarhlutir í fjármálagyrirtækjum .....	( 35.848)	( 239.564)
Eiginfjárgrunnur samtals .....	148.124	( 36.831)

Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta .....	216.152	248.442
Markaðsáhætta .....	6.911	6.578
Rekstraráhætta .....	29.237	57.647
Eiginfjárkrafa .....	252.300	312.667
Vöntun á eigin fé .....	( 104.176)	( 349.498)
Eiginfjárlutfall .....	4,7%	( 0,9%)

### 32. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirráttarheimildir greinast þannig:

	2009	2008
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	68.461	76.640
Ónotaðar yfirráttarheimildir .....	203.828	202.585

## Skýringar, frh.: ---

### 33. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Við fall íslensku viðskiptabankanna varð Sparisjóður Norðfjarðar fyrir verulegu fjárhagstjóni. Í samræmi við ákvæði laga var haft samband við Fjármálaeftirlitið og því kynnt að eiginfjárstaða Sparisjóðs Norðfjarðar væri komin niður fyrir tilskilið 8,0% lágmark.

Um leið og Fjármálaeftirlitinu var kynnt að eiginfjárstaða Sparisjóðs Norðfjarðar væri komin niður fyrir tilskilið lágmark var hafist handa við öflun nýs stofnfjárár. Í árslok 2008 var búið að fá vilyrði um nýtt stofnfé frá núverandi og nýjum stofnfjárár tilum fyrir samtals 253 millj. kr. Nýtt innborgað stofnfé í desember 2008 nam 48 millj. kr. og nýir stofnfjárár tilum greiddu inn 170 millj. kr. til viðbótar á árinu 2009. Þar af hefur sveitarfélagið Fjarðarbyggð samþykkt að yfirtaka hluta lífeyrisskuldbindingu Sparisjóðs Norðfjarðar við Lífeyrissjóð Neskaupstaðar allt að 140 millj. kr. Aðkoma Fjarðarbyggðar var háð samþykki Fjármálaeftirlitsins um að sveitarfélagið megi fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Norðfjarðar. Aðkoma sveitarfélagsins og eignarhlutur þess er einnig háð aðkomu ríkisins að rekstri sparisjóðsins eins og annarra sem greiddu inn stofnfé á árinu 2009. Þá hefur einn stofnfjárár skuldbundið sig til að leggja fram 35 millj. kr. stofnfjárfamlag þegar fyrir liggur að ríkið muni koma að rekstri sparisjóðsins.

Samkomulag hefur verið gert við Seðlabanka Íslands um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Samkomulag þetta kemur í stað stofnfjárfamlags íslenska ríkisins á grundvelli ákvæða laga nr. 125/2008. Skuld sparisjóðsins við bankann nam 559 millj. kr. í árslok 2009 og gerist upp með eftifarandi hætti:

Með stofnfé í sparisjóðnum .....	150.000
Með víkjandi láni til 7 ára .....	140.000
Með eftirgjöf skulda .....	269.427

Skilyrði Seðlabankans fyrir samkomulaginu eru meðal annars:

- Réttaráhrifum stofnfjárhækkunar að fjárhæð 218 millj. kr. sem ákveðin var í sparisjóðnum og er liður í fjárhagslegri endurskipulagningu hans verði slegið á frest þar til önnur skilyrði bankans hafa verið uppfyllt.
- Stofnfé sjóðsins annað en það sem greinir í 1. tl. verði lækkað úr 265 millj. kr. í 62 millj. kr.
- Víkjandi láni Byggðastofnunar að fjárhæð 196 millj. kr. verði breytt í stofnfé að nafnvirði 159 millj. kr.

Samþykki fundur stofnfjáráðila framgreint samkomulag verður eigið fé sjóðsins 716 millj. kr. og eiginhlutfall sjóðsins 26,1% að öðru óbreyttu.